



FRÉTTABRÉF TIL FORRÁÐAMANNA Í GLERÁRSKÓLA

Glerárskóli Akureyri

Október 2015



7. október 2015

3. tbl. 5. árg

Góðan daginn gott fólk

Október hafinn og skólastarfið í Glerárskóla á fullri siglingu. Síðastliðinn mánuður var annasamur og margt á döfinni eins og samræmd próf, dagur íslenskrar náttúru, Reykjaferð 7. bekkinga, norræna skólahlaupið, átakið „göngum í skólann“ og dagur læsis.

Áherslum skólastarfsins í vetur er einmitt að hluta beint að læsi og eflingu á því. Í skólanum starfar stýrihópur sem vinnur að því að í öllu skólastarfinu verði læsi sett í forgang. Allir skólar á Akureyri vinna nú að því að útbúa sameiginlega stefnu í læsismálum með áhersluaukningu á eflingu læsis í samræmi við nýja aðalnámskrá og hvítbók menntamála-ráðherra. Í skólanum okkar verður sérstök rækt lögð við talað mál og hlustun / samræðu til náms. Það er einmitt í anda jákvæðs aga og hugleiks sem er sérstök kennsluáðferð sem margir af okkar kennurum hafa verið að nýta sér.

Framundan eru bjartir tímar og með góðu samstarfi við heimilin vonumst við til að ná árangri í læsi nemenda og framförum í námi. Við munum að sjálfsgöðu halda áfram að leggja áherslu á hugmyndafræði Olweusar, jákvæðan aga, úti -og grenndarkennslu og umhverfisfræðin enda viljum við halda í grænánann og vera fyrirmynd annarra í umhverfis -og flokkunarmálum.

Við vindum okkur þá í fréttirnar og óskum okkur öllum gleðilegs októbermánaðar.

Kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,

Eyrúnu, Elínu og Helgu.

Rýmingaræfing 5. október 2015

Rýmingaræfing var haldin mánudaginn 5. október 2015. Æfingin tókst afar vel en þetta var í fyrsta skipti sem æft var hvernig nemendur og starfsfólk geta farið inn í íþróttahús ef veður eru válynd. Allar nánari upplýsingar um æfinguna má fá hjá stjórnendum eða ritara.

Efnisyfirlit:

September 2015	1
Rýmingaræfing	1
Glerárskóli - leiðtogaskóli	2
Jákvæður agi - foreldanámsskeið	2
Hlaupahjól	2
Skólaráð	3
Erasmus+	3
Helstu viðburðir	3
Útivistartími	4
Viðtalsdagur	4
Morgunkaffi með stjórnendum	4
Mynd augna-bliksins	4

Til íhugunar:

- Samabyrgð
- Umhverfið
- Meðvitund
- Hlutverk
- Ánægja

Glerárskóli - leiðtogaskóli í verkefninu um baráttu gegn matarsóun

Glerárskóli hefur tekið að sér að vera leiðtogaskóli í norræna verkefninu „Loftslagsáskorunin 2015 - 2016“ en áhersla þess verkefnis að þessu sinni er **baráttan gegn matarsóun**. Þar sem Glerárskóli hefur sinnt umverfismálum af kostgæfni undanfarin ár og látið sig varða baráttu gegn matarsóun, taldi verkefnastjórn Loftslagsáskorunarinnar Glerárskóla góðan kost sem leiðtogaskóla í verkefnið. Við höfum samþykkt að taka að okkur þetta verkefni sem kemur til með að standa frá 11.11.2015 til 23.03.2016. Á þeim tíma munum við gera gangskör í fræðslu og aðgerðum gegn matarsóun í skólanum og skólaumhverfinu. Stýrihópur um umhverfismál mun halda utan um verkefnið en tengiliður okkar verður Elfa Ósk Gylfadóttir sem kemur og heimsækir skólann 8. október n.k.

Við bendum á heimasíðu NIS (Norden í skolen) þar sem finna má upplýsingar um verkefnið:
<http://nordeniskolen.org/is/loftslagnáttúra>

Einnig má benda á að á síðasta ári tók Síðuskóli þátt í þessu verkefni og lesa má um það á þessari vefsíðu: <http://www.akureyri.net/frettir/2014/11/10/siduskoli-brytur-blad-i-loftslagsmalum/>

Það er glæsilegt að Glerárskóli skuli vera beðinn um að vera í forsvari í svo mikilvægu verkefni sem Loftslagsáskorunin er og óskum við okkur til hamingju með það.

Þá er komið að okkur að vera öll vel vakandi og taka fullan þátt í verkefninu bæði heimili og skóli. Áfram Glerárskóli - grænn skóli.

Jákvæður agi - foreldranámskeið

Nú í vikunni hefst námskeið um jákvæðan aga fyrir forráðamenn 1. bekkinga, nánar tiltekið, fimmtudaginn 8. október kl. 17:00 - 19:00. Annar hluti þess námskeiðs verður 15. október á sama tíma.

Námskeið fyrir forráðamenn **5. og 6. bekkinga** auk þeirra sem eiga yngri nemendur en hafa ekki náð að fara á námskeið, verður þriðjudaginn 3. nóvember og þriðjudaginn 10. nóvember frá kl. 17:00 - 19:00. Hægt er að skrá sig á viðtalsdegi hjá umsjónarkennara eða með því að hringja í ritara skólans.

Hvetjum alla til að mæta á námskeið og efla samstarf skóla og heimilis nemendum til góða.

**MINNUM FORRÁÐAMENN Á AÐ STOPPA FYRIR NEMENDUM Á
GANGBRAUTUM ÞEGAR ÞEIR ERU Á LEIÐ Í OG ÚR SKÓLANUM**

Sérstaklega má nefna gangbrautina neðst við Höfðahlíð

Hlaupahjól og hjólabretti

Við viljum biðja forráðamenn að ræða við börnin sín um notkun hlaupahjóla/hjólabretta. Ef nemendur vilja koma á/með þau farartæki í skólann skal geyma þau utandyra og læsa þeim líkt og gert er við önnur farartæki á hjólum. Einungis skal nota hjólabretti/hlaupahjól á hjólavelli norðan skólans á frímínútnátíma (sjá skólareglur).

Munum að ALLIR NEMENDUR eiga að nota hjálm!



Skólaráð 2015-2016

Skólaráð Glerárskóla kom saman á sínum fyrsta fundi mánudaginn 5. október 2015. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitafélagsins um skólalald. Í skólaráði sitja fulltrúar starfsfólks, kennara, forráðamanna og nemenda auk fulltrúa úr hverfisnefnd og stjórnenda skólans. Í skólaráði árið 2015-2016 sitja:

Fyrir forráðamenn: Sunneva Guðgeirsdóttir og Freydís Dana Sigurðardóttir

Fyrir nemendur: Heiðbjört Guðmundsdóttir (10.b.) og Áslaug Alfreðsdóttir (10.b.)

Fyrir starfsfólk: Lára Gunnarsdóttir

Fyrir kennara: Fríða Pétursdóttir og Tómas Lárus Vilbergsson

Fyrir hverfisnefnd: Sigrún Elva Briem

Fyrir stjórnendur: Eyrún Skúladóttir

Ritari skólaráðs: Elín Magnúsdóttir

Reglur í matsal Glerárskóla

- *Förum í röð og bíðum eftir því að röðin komi að okkur*
- *Höfum ekki húfur né yfirhafnir í matsal*
- *Notum áhöld við að fá okkur á diskinn af hlaðborðinu*
- *Fáum okkur passlega á diskinn*
- *Borðum við matarborðin*
- *Notum inniröddina*
- *Göngum rólega um*
- *Göngum frá eftir okkur*
- *Ókurteisi og ruðningur í matsal leiða til þess að nemendur fara aftast í röðina eða er vísað út matsal og borða annarsstaðar*
- *Nemendur yngsta -og miðstigs fara beint út í frímínútur eftir að hafa borðað*

Erasmus+ og Glerárskóli

Glerárskóli sótti síðasliðið vor um að vera þátttakandi í Erasmus+ verkefni ásamt 6 öðrum löndum. Erasmus+ er verkefni á vegum Evrópusambandsins og var áður kallað Comeniusarverkefni. Svo skemmtilega vildi til að umsóknin var samþykkt og erum við því að fara af stað með verkefni til tveggja ára sem nefnist:

„United We Play, United We Win: Developing Social Skills and Inclusive Education through Sport and Outdoor Activities”

Löndin sem taka þátt með okkur eru: Ítalía, Spánn, Tyrkland, Rúmenía, Búlgaría og Litháen.

Glæsilegur árangur hjá skólanum og verður gaman að vinna að verkefninu með nemendum, forráðamönnum og starfsfólki (nánar síðar).

Helstu viðburðir í október og nóvember 2015

Föstudagurinn 2. október: Skipulagsdagur - nemendur í fríi og frístund lokuð

Föstudagurinn 23. og mánudagurinn 26. október: **Haustfrí - nemendur í fríi**

Þriðjudagurinn 27. október: **Skipulagsdagur - nemendur í fríi og frístund lokuð**

Miðvikudagurinn 28. október: **Viðtalsdagur - forráðamenn, nemendur og kennarar spjalla saman**

Mánudagurinn 16. nóvember: Dagur íslenskrar tungu

Þriðjudagurinn 17. og miðvikudagurinn 18. nóvember: Þemadagar

Glerárskóli, v/Höfðahlíð,
600 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin virka daga frá
kl. 7:45—15:00 (föstud. Til kl. 14:00) en í
fríum nemenda er hún opin frá kl.
10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er:
glerskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Við erum á Facebook:
Glerárskóli

Útivistartími

Kæru forráðamenn!

Við minnum á að útivistartími nemenda breyttist þann

1. september s.l. og er nú sem hér segir:

12 ára börn og yngri mega lengst vera úti til kl. 20:00

13 - 16 ára börn mega lengst vera úti til kl. 22:00

Stöndum saman og höldum vel utan um krakkana okkar :o)

VIÐTALSDAGUR

Miðvikudaginn 28. október n.k. er viðtalsdagur í Glerárskóla. Þann dag koma nemendur og forráðamenn í viðtal til umsjónarkennara.

Einnig geta forráðamenn hitt aðra kennara og starfsfólk og rætt um málefni sem snerta skólagöngu nemenda.

Kennarar leggja mikla vinnu í undirbúning viðtalsdagana svo þeir nýtist nemendum sem best til framfara í námi. Samvinna heimilis og skóla skiptir miklu máli varðandi árangur nemenda svo nýtum daginn vel og mætum undibúin til leiks.

MORGUNKAFFI MEÐ STJÓRNENDUM

Við minnum á morgunkaffi með stjórnendum sem er óformlegt spjall um skólamál og allt sem því viðkemur en hefur ekki formfasta dagskrá. Staðsetning er kaffistofa starfsmanna frá kl. 8:00 - 8:30 á morgnanna og er boðið upp á kaffi/te/vatn/mjólk og eitthvert lítillæði. Skipulag morgunspjallsins verður eftirfarandi, með fyrirvara um breytingar. Hlökkum til að sjá ykkur.

Miðvikudagur 14. október: **7. bekkur**
Föstudagur 16. október: **4. bekkur**

Miðvikudagur 11. nóvember: **1. bekkur**
Föstudagur 13. nóvember: **9. bekkur**

Miðvikudagur 25. nóvember: **8. bekkur**
Föstudagur 27. nóvember: **6. bekkur**

Miðvikudagur 17. febrúar: **5. bekkur**
Föstudagur 19. febrúar: **3. bekkur**

Miðvikudagur 2. mars: **2. bekkur**
Föstudagur 4. mars: **10. bekkur**

Mynd augnabliksins!



Útivistardagur haustið 2015

Lystigarðurinn á Akureyri

2. bekkur